

Fundargerð

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar, miðvikudaginn 19. september 2018, kl. 12:00 í 301 Gimli H.Í.

Mætt voru: Ástríður Stefánsdóttir, Elínborg Sturludóttir, Haraldur Briem, Sólveig Anna Bóasdóttir og Vilhjálmur Árnason, stjórnarformaður, sem færði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
2. Um stöðu stofnunarinnar
 - a. Fram kom að enn er enginn launaður starfsmaður. Stjórnarformaður er starfandi forstöðumaður. Henry Alexander, aðjunkt í heimspeki, er sérfræðingur á Siðfræðistofnun; Jón Bragi Pálsson sér um vefsíðu, Fésbók o.fl. Aðstoð er veitt hjá Hugvísindastofnun, svo sem um fjármál.
 - b. Stjórnarformaður greindi frá samtölum við fulltrúa miðlægrar stjórnsýslu um stöðu stofnunarinnar. Þar er velvilji í garðstofnunarinnar en eftir er að sjá hvernig mál þróast.
 - c. Rætt um nýbirta skýrslu starfshóps á vegum forsætisráðherra um traust. Í tillögum starfshópsins er gert ráð fyrir hlutverki Siðfræðistofnunar. Nokkur umræða varð um skýrsluna og þau tækifæri sem gætu skapast fyrir stofnunina.
3. Stjórnarformaður gerði stutta grein fyrir starfseminni á vormisseri 2018
 - i. Ársfundur Siðfræðistofnunar 26. janúar. Stjórnarformaður flutti „Siðfræðiannál 2017“. Viðbrögð í pallborði þar sem sátu Fanney Birna Jónsdóttir, Henry Alexander Henrysson og Silja Bára Ómarsdóttir. Nokkur fjölmiðlaumfjöllun varð í kjölfarið, m.a. ítarleg grein í *Kjarnanum*.
 - ii. Björn Hoffman við Senter for Etikkk í Osló kom hingað á NordPlus styrk í mars. Kenndi í HLS og sat fund rannsóknarhóps (sbr. næsta lið).
 - iii. Unnin var umsókn um öndvegisstyrk til Rannís vorið 2018, skilað 15. júní. Fyrirhugað rannsóknarverkefni lýtur að notkun erfðaupplýsinga í heilbrigðisþjónustu. Heiti verkefnis: Auðlegð í erfðamengi þjóðar? Erfðarannsóknir og einstaklingshæfð læknisfræði á Íslandi (The Genetic Wealth of a Nation? The Challenges of Population Genomics and Personalized Medicine in Iceland)
 - iv. Samvinna við Læknafélag Íslands við undirbúning alþjóðlegrar ráðstefnu um siðfræði 2.–4. okt. 2018. Stjórnarformaður situr í undirbúningsnefnd.
 - v. Ráðstefna: Pálsvaka 2018 fór fram í Hannesarholti, laugardaginn 21. apríl 2018: „Hvert er erindi umhverfisheimspekinnar við Íslendinga?“. Upptökur af málþinginu eru aðgengilegar á vef Siðfræðistofnunar.
 - vi. Tveir hádegisfundir voru haldnir:
 - Jón Ólafsson, Salvör Nordal og Sólveig Anna Bóasdóttir héldu framsögur 6. mars um frumvarp sem lá fyrir Alþingi um umskurð drengja.

- Dr. Simon Clarke, prófessor í stjórnmálakenningum við American University of Armenia, Yerevan, Armenia, hélt erindi fimmtudaginn 8. mars; „Compulsory Vaccination and the Limits of State Intervention“.
3. Hugmyndir um starfsemi háskólaárið 2018–2019
- i. Aðkoma að alþjóðlegri ráðstefnu WMA um læknisfræðileg siðfræði í Hörpu 2.–4. okt. Nemendur í hagnýttri siðfræði fá að sitja málstofu um líknardráp.
 - ii. Stjórnarformaður leiðir starfshóp á vegum forsætisráðherra til að semja lagafrumvarp um heilindi í vísindarannsóknum
 - iii. Málstofan „Getum við nú talað um Icesave?“ á ráðstefnunni *Hrunið, þið munið* haldin í Háskóla Íslands 5.–6. okt.
 - iv. Hádegiserindi ráðgerð í tengslum við mál í umræðunni.
 - a. Fannar Ásgrímsson, M.A. í hagnýtri siðfræði, mun ræða um bólusetningar barna miðvikudaginn 26. sept. í Odda 202. Viðbrögð frá sóttvarnalæknum á vegum Landlæknis.
 - b. Aðrar hugmyndir voru ræddar en ekkert ákveðið.
 - v. Tveir erlendir gestir á sviði viðskiptasiðfræði eru væntanlegir, sá fyrri frá Riga 12. nóv. og hinn frá Bandaríkjunum síðar á misserinu.
 - vi. Samstarf við fyrirlestraröð í Hannesarholti. Umræðuefni á haustmisseri: traust. Framsögumenn verða Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir og Helgi Gunnlaugsson 15. nóv.
 - vii. Bók um íslenskt lýðræði er væntanleg á haustmánuðum. Haldið verður málþing í tengslum við útgáfuna.
 - viii. Málþing um CIOMS reglurnar, einkum varðandi ákvæði um þátttöku almennings í stórum rannsóknarverkefnum („community engagement“). Fengist hefur styrkur frá Hugvísindastofnun til að bjóða Hans van Delden (endurnýjuð umsókn vor 2019). Rætt um að bjóða honum til landsins í mars.
 - ix. Afmælisár Siðfræðistofnunar (fyrsta starfsár 1988–1989). Samþykkt að halda málþing af því tilefni um hagnýta siðfræði í maí. Lagt til að megingestur yrði Jonathan Wolff, prófessor við Oxford-háskóla.
4. Stefnt að því að halda næsta fund mánudaginn 7. janúar og ræða þá efni ársfundar.

Fundi slitið kl. 13:30